



Ársreikningur Bygðastofnunar 2023

Ársreikningur Bygðastofnunar fyrir árið 2023, var staðfestur af stjórn stofnunarinnar 27. mars 2024.

Ársreikningur Bygðastofnunar fyrir árið 2023 er fyrsti ársreikningur stofnunarinnar sem er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir opinbera aðila sem miða við rekstrargrunn (e. accrual basis IPSAS, International Public Sector Accounting Standards, vísað til sem "IPSAS"). Hefur ársreikningur ársins 2022 verið leiðréttur til samanburðar eftir IPSAS staðlinum.

Eiginfjárstaða stofnunarinnar er áfram sterk og gefur henni færi á að vera öflugur bakhjarl atvinnulífs á landsbyggðunum.

Afkoma ársins var jákvæð um 703,5 milljónir króna á móti jákvæðri afkomu upp á 476 milljónir króna árið 2022. Eiginfjárhluftfall í lok árs skv. eiginfjárákvæðum laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki var 22,64%.

Um stofnunina gilda lög um Bygðastofnun nr. 106/1999 og reglugerð nr. 347/2000. Hlutverk Bygðastofnunar er að efla byggð og atvinnulíf með sérstakri áherslu á jöfnun tækifæra allra landsmanna til atvinnu og búsetu. Í samræmi við hlutverk sitt undirbýr, skipuleggur og fjármagnar stofnunin verkefni og veitir lán með það að markmiði að treysta byggð, efla atvinnu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Stofnunin skipuleggur og vinnur að atvinnuráðgjöf í samstarfi við landshlutasamtök, sveitarfélög og aðra haghafa. Bygðastofnun fylgist með þróun byggðar í landinu, m.a. með gagnasöfnun og rannsóknum. Stofnunin getur gert eða látið gera áætlanir um þróun byggðar og atvinnulífs í þeim tilgangi að treysta búsetu og atvinnu í byggðum landsins. Þá annast stofnunin framkvæmd laga um pósthjónustu og hafa eftirlit með pósthjónustu eins og nánar er kveðið á um í lögum um það efni. Skrifstofa stofnunarinnar er á Sauðárkróki.

Helstu niðurstöður úr ársreikningi Bygðastofnunar 2023

- Afkoma ársins var jákvæð um 703,5 milljónir króna.
- Eiginfjárhluftfall skv. lögum um fjármálafyrirtæki var 22,64% en skal að lágmarki vera 8%.
- Hreinar vaxtatekjur voru 1.243 milljónir króna eða 46% af vaxtatekjum, samanborið við 794 milljónir króna (34,4% af vaxtatekjum) hreinar vaxtatekjur árið 2022.
- Laun og annar rekstrarkostnaður nam 623 milljónum króna samanborið við 558 milljónir árið 2022.
- Eignir námu 25.336 milljónum króna og hafa hækkað um 1.144 milljónir frá árslokum 2022. Þar af voru útlán 22.071 milljónir samanborið við 20.072 milljónir í árslok 2022.
- Skuldir námu 20.637 milljónum króna og hækkuðu um 441 milljón á árinu 2023.

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Arnar Már Elíasson forstjóri Bygðastofnunar í síma 455 5400 eða á netfanginu arnar@byggdastofnun.is



Lykiltölur úr ársreikningi og samanburður við fyrri ár

	2023	2022
	Pús. kr.	Pús. kr.
Yfirlit um afkomu		
Vaxtatekjur.....	2.706.642	2.303.782
Vaxtagjöld.....	1.463.293	1.509.810
<i>Hreinar vaxtatekjur.....</i>	<i>1.243.349</i>	<i>793.971</i>
Aðrar rekstrartekjur.....	656.934	721.552
<i>Hreinar rekstrartekjur.....</i>	<i>1.900.283</i>	<i>1.515.523</i>
Önnur rekstrargjöld.....	1.196.783	1.039.401
Afkoma ársins.....	703.500	476.122

Með rekstrargjöldum eru færð framlög í afskriftareikning útlána lánsloforða og annarra krafna

164.172 81.443

Efnahagsreikningur

31.12.2023 31.12.2022

Eignir

Handbært fé.....	926.930	1.686.337
Markaðsskuldabréf.....	340.013	314.432
Aðrar kröfur.....	25.296	75.254
Hlutabréf.....	285.687	268.913
Fullnustueignir.....	10	60.010
Hlutdeildarfélag.....	904.568	907.860
Útlán til viðskiptavina.....	22.071.447	20.072.461
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	781.796	806.150
Eignir samtals.....	25.335.747	24.191.417

Skuldir og eigið fé

Lántökur og skuldabréfaútgáfur.....	19.901.162	19.290.410
Óráðstöfuð framlög.....	529.287	681.468
Aðrar skuldir.....	206.960	224.700
Skuldir samtals.....	20.637.408	20.196.578

Eigið fé

Eiginfjárframlag.....	7.800.000	7.800.000
Uppsöfnuð afkoma.....	-3.101.661	-3.805.161
Eigið fé samtals.....	4.698.339	3.994.839

Skuldir og eigið fé samtals.....

25.335.747 24.191.417

Sjóðstreymi

2023 2022

Handbært fé (-til) frá rekstri.....	-913.756	505.204
Fjárfestingarhreyfingar.....	0	-299.000
Fjármögnunarhreyfingar.....	163.058	329.788
<i>Hækkun/(-lækkun) á handbæru fé.....</i>	<i>-750.698</i>	<i>535.992</i>
Gengismunur á handbæru fé.....	-8.709	32.717
Handbært fé í ársbyrjun.....	1.686.337	1.117.627
Handbært fé í lok árs.....	926.930	1.686.337

Eiginfjárlutfall samkvæmt lögum um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði

22,64% 19,72%